



I, 1.

N. STEINGRÍMUR THORLÁKSSON
KITSTJÓRI.

DESEMBER 1905.

Kveðja nýja blaðsins til barnanna.

Sæl og blessuð, börnin mín!

Nú kem eg til ykkar nýr af nálinni og heiti í höfuðið á ykkur. Ekki þykir ykkur það verra. Það veit eg fyrir víst. Og ekki takið þið verr á móti mér fyrir það. En það langar mig til að fá góðar viðtökur hjá ykkur.

Þið viljið, að vel sé tekið á móti ykkur, þegar þið farið að finna kunningjabörn ykkar. Og þegar þið farið aftur heim, þá þykir ykkur vænt um að sagt sé við ykkur: Komid bráðum aftur.

Þið getid þá nærri, hvort mér muni ekki þykja vænt um að fá góðar viðtökur hjá ykkur og hjá pabba ykkar og mönnum. Þau eiga húsið og eiga með að bjóða mér inn. Vitanlega langar mig þá til, að það hýrni yfir þeim, þegar dyrnar opnast og þau sjá, hver gesturinn er. En vænst þykir mér þó um, að sjá *ykkur* hoppa upp og klappa saman lófunum, þegar þið sjáið framan í mig. Og svo koma hlaupandi beint upp í fangið á á mér. Það væri gaman. Eg skyldi klemma ykkur óg hampa ykkur og hossa ykkur og lyfta ykkur hátt upp í loftið. Og svo þegar eg er búinn að tefja stund hjá ykkur og er að fara, hvað mér skyldi þá þykja vænt um að heyra ykkur kalla á eftir mér: Kondu aftur! Kondu fljótt aftur!

Eg skal segja ykkur sögu: Ef eg veit, að ykkur þykir vænt um að eg kómi, og eg get glatt ykkur með því, þá verður leiðin helmingi styttri og mér svo miklu léttara um að koma til ykkar.

Nú ætla eg að biðja ykkur að gera eitt fyrir mig. Eiginlega vildi eg mega biðja ykkur að gera margt. En eg þori það ekki enn þá. Þið verðið þá kannske hrædd við mig. En núna ætla eg að biðja ykkur — já, hvað haldið þið að það sé? Biðja ykkur að lesa og hugsa vel um alt það, sem á mér er? Það vil eg að vísu. Sjálfsagt! En eg veit, að þið gerið það. Eg þarf ekki að biðja ykkur um það. En það er annað. Eg ætla að biðja ykkur að skrifa mér línu. Það þarf ekki að vera langt. Og þið þurfið ekki að vera feimin við mig. Bara skrifa eins og þið væruð að skrifa bróður ykkar. Segið mér, hvernig ykkur líst á mig nú. Og segið mér eitthvað í fréttum og eithvað, sem þið viljið að eg skili til annarra barna. Eg skal reyna að koma því. Mér þykir vænt um að flytja þesskonar smá-sendingar. Og, ef þið viljið spyrja mig að einhverju, þá þykir mér líka vænt um það, og eg skal reyna að svara. En þið megið ekki koma mér í bobba.

Eg er nú eiginlega búinn að biðja ykkur um mikið og hefði kannske ekki átt að gera það, heldur þegja og bíða með það þangað til seinna. En mér datt þetta í hug, og svo gat eg ekki þagað. Þið takið ekki til þess.

En ætti eg að segja ykkur, hvað eg ætla að gera fyrir ykkur? Sjálfsagt.

Eg sagðist áðan ætla að hampa ykkur og hossa ykkur og lyfta ykkur hátt, ef þið tækjuð vel á móti mér. Eg ætla að reyna það, og eg ætla að reyna að láta ykkur þykja vænt um mig. Segja ykkur það, sem mér dettur í hug. En reyna að láta mér ekki detta annað í hug en það, sem þið hafið gaman og gagn af.

Eg veit það svo vel, að það er ekki til neins fyrir mig að koma til ykkar, nema ykkur geti þótt vænt um mig. Því þó eg hefði eitthvað gott meðferðis handa ykkur, þá yrði það ykkur ekki að neinu gagni, ef þið fengjust ekki til þess að taka við því.

Eg lofa ykkur þá því, að reyna að koma æfninglega með eitthvað, sem ykkur getur þótt vænt um og þið getið haft gott af. Þá þykir ykkur vænt um komu mína.

En þið megið ekki vera of heimtufrek. Þið megið ekki heimta, að eg hafi nóg af öllu, þegar eg kem. Það fer ekki mikilfyrir mér, eins og þið sjáið. Eg er lítill eins og þið. Og

Það má ekki heimta mikið af þeim, sem er lítill. En ef eg vex einhvern tíma eins og þið og verð stærri, þá má búast við meiru.

En, börnin mín, alt, sem á að vaxa, þarf yl. Það vex ekkert í tómu frosti nema ísinn. Þið þurfið yl, ef þið eigið að vaxa. Eg líka. Ylurinn, sem ykkur er mest þörfin á, er ylur kærleikans. Eg þarf líka þann yl, ef eg á að geta þrífist. Látið mig fá hjá ykkur yl kærleikans.

Titil-myndin

Myndin í sveignum er mynd af Jesú 12 ára gömlum, tekin úr myndinni frægu: „*Jesús tólf ára í musterinu*“, eftir þýska málaraðann Heinrich Hoffmann. Þessi mynd með nafninu „*börnin*“ á borða í boga fyrir ofan á að tala við börnin, sem fá blaðið, um það, að þau eigi að líkjast Jesú. Láta sér, eins og hann gerði, drengurinn, þykja vænt um guðs hús og guðs orð og að hlýða guði. Og þá hlýða guði líka í því að vera foreldrunum hlýðin. Pálmaðiðargreinarnar, sem mynda sveiginn, tákna, að börnin eigi að fagna Jesú, taka með gleði á móti honum og syngja honum lof. — Ritningargreinarnar, sem lettaðar eru á báðum endum borðans, segja frá því, að Jesús elskar öll börn og vill, að þau komi til sín, svo að þau geti verið hjá honum í ríki hans. Hinir fullorðnu þurfa líka að koma til hans sem börn.

Börnin mín! Horfið vel á titil-myndina og hugsid um hana og lofid henni að tala við ykkur.

Gleðileg jól.

Síðan sneru hirðarnir aftur, lofuðu guð og vegsömuðu fyrir alt það, er þeir höfðu heyrt og séð, eins og þeim hafði sagt verið. — Lúk. 2, 20.

Börnin hlakka til jólanna. Öll börn, sem eg hefi þekt, gera það. Þið hlakkið sjálfsagt til þeirra líka, börnin, sem lesið þetta jólablað.

Þið hlakkið til þess að koma saman og skemta ykkur við jólatréð, með mörgu ljósunum og sælgætinu, sem á það er látið.

Þið hlakkið til þess að fá jólagjafir frá vinum ykkar. Þið hlakkið til, því þið vitið, að á jölunum er svo mikill hátíðablær yfir heimilunum ykkar.

En eftir því, sem góð, kristin börn fá meira vit, læra þau líka að láta sér þykja vænt um jólin fyrir annað, sem er margfalt þýðingar-meira fagnaðarefni en allt þetta, — fyrir það, að jólin eru fæðingarhátíð frelsarans.

Þið munið eftir hirðunum fyrir utan Betlehem. Þegar engillinn hafði komið til þeirra og sagt þeim frá því, að frelsari þeirra væri fæddur, þá flýttu þeir sér inn í borgina til þess að sjá hann og tilbiðja hann. Og þegar þeir fóru aftur út til hjarðanna sinna, þá lofuðu þeir guð og vegsömuðu fyrir allt það, er þeir höfðu heyrt og séð. Þeir voru svo óumræðilega gladdir af því að þeir voru vissir um það og höfðu séð það sjálfir, að nú hafði guð efnt það, sem hann hafði lofað: að senda heiminum frelsara. Og það er það, sem kristnir menn eiga mest af öllu að gleðjast af og þakka guði fyrir á jölunum. Hver jólahátíð, sem þeir fá að lifa, á að minna þá á þetta mikla og dýrðlega fagnaðarefni og hvetja þá til þess að þakka guði fyrir það aftur og aftur.

En það eru til mörg börn, sem kunna ekki að meta jólin rétt, þó að þau sé orðin svo stór, að þau ættu að geta gert það. Þeim þykir vænt um jólatréð og jólagjafirnar. En þau hugsa ekkert um mestu og bestu jólagjöfina, sem guð hefir gefið þeim.

Það er ekki gott. Það má ekki minna vera, en að við þökkum guði fyrir mestu og bestu gjöfina, sem hann hefir nokkurn tíma gefið okkur. Að gera það ekki er ljótasta vanþakklæti. Og ekkert barn, sem vill vera gott barn, má vera vanþakklátt.

Jólagjafirnar, sem foreldrar ykkar og vinir gefa ykkur, eiga að minna ykkur á jólagjöfina blessuðu, sem guð hefir gefið ykkur: barnið heilaga, sem fæddist í Betlehem. Jólatréð, sem er grænt um miðjan vetur, þegar önnur tré eru fölnuð, á að minna ykkur á hann, sem er alt af eins, og lifir að eilífu. Ljósín litlu á jólatrénu eiga að minna ykkur á frelsarann, sem er heimsins ljósið, og einn getur gert líf ykkar fagurt og bjart. Jólásálmarnir, sem þið syngið þegar þið komið saman, eiga að minna ykkur á lofsönginn, sem englarnir sungu fyrir hirðana: „Dýrð sé guði í upphæðum, friður á jörðu, og velþóknan yfir mönnunum.“

En svo, þegar þið hugsið um þessa miklu og dýrðlegu gjöf guðs, sem jólin eiga að minna ykkur á, og farið að þakka honum fyrir hana, munið þá líka eftir því, að besta þakklætið, sem

Þið getið sýnt guði, er það, að þið ásetjið ykkur að reyna með hans hjálp, að verða betri börn með hverjum jólum, sem hann lætur ykkur lifa. Látið jólin minna ykkur á það, að guð okkur öllum til þess að vera góð guðs börn. Og biðjum hann að hjálpa okkur til að vera góð og hlýðin börn.

Ef sú bæn er einlæg og innileg í hjörtum ykkar á jólunum, þá kunnið þið að meta jólagjöf guðs eins og hirðarnir gerðu. Þá lofið þið og vegsamið guð eins og hann vill að þið gerið það. Þá gleðjið þið foreldra ykkar, sem þykir svo vænt um ykkur. Þá haldið þið jól eins og góð, kristin börn.

Guð hjálpi ykkur öllum til þess. Hann gefi ykkur blessuð og gleðileg jól!

Fr. H.

Jólatréð.

Bráðum koma jólin og með jólunum koma jólatrén. Þess vegna vil eg segja ykkur sögu af einu jólatré. Það var lítið, væskilslegt tré, sem stóð á millri mörgu grenitrjána háu og fögru í skóginum.

Nokkrum dögum fyrir jólin kom skógarvörðurinn og merkti mörg trén háu og grönnu. Snemma næsta dag kemur svo vinnumaður hans, heggur niður trén, leggur þau á vagn og keyrir þau til bæjarins. Um miðjan dag er hann búinn að selja þau og kemur heim með tóman vagn og fær húsbónda sínum andvirðið.

Öll þessi fögru tré stóðu prýdd og ljómandi í einhverri stofunni jólanóttina. Sum þeirra veittu meiri ánægju en sum. En fegurðin þeirra öll stóð að eins nokkra daga. Þá voru þau rúin og þeim rutt út og þau höggin og klofin í eldinn.

„Það er hörmulegt að fara svona með fallettu tré“, sagði skógarvörðurinn. Hið sama sagði og vinnumaður hans. Við myndum næstum segja það líka, ef þau hefðu ekki prýtt blessaða jólahátíðina.

En hvað varð um litla væskilslega tréð? Það hafði fengið að standa kyrt, þegar hin trén voru höggvin, og hæfði líklega vaxið og orðið hátt og grant. Það var of þröngt um það til þess að geta vaxið. Þess vegna var það svo lítið. En stórt tré hafði fallið ofan á það. Það festist í liminu, svo þegar stóra trénu var lyft upp á vagninn, þá var það rífið upp með rótum og

hékk á stóra trénu. Þannig komst það til bæjarins með hinum trjánum.

Fátæka konan gekk yfir torgið, þar sem trén voru boðin fram til sölu. Hún óskaði sér þess, að hún ætti lítið tré handa drengnum sínum. En hún stundi og hugsaði með sér: „Eg verð að kaupa það, sem nauðsynlegt er, fyrir peningana mína. Um slíkt má eg ekki hugsa. En bara eg hefði eina grein handa barninu mínu!“

Margir, sem vildu kaupa, stóðu nú í kring um trén. Fátæka konan var í þann veginn að fara, þegar maður kemur, sem keypt hafði tréð, og hékk litla tréð um greinarnar á því. Maðurinn sagði hlajandi: „Það fékk eg í kaupbæti.“ Losar svo um það og fleygir því á jörðina. Fátæka konan tekur það óðar upp og segir: „Gefðu mér það handa drengnum mínum!“

„Taktu það!“ var svarið. „Þú hefir víst ekki mikið til að láta á það.“

Rétt þar hjá stóð móðir með drenginn sinn. Hún bar á handleggnum stóra tösku með kertum í og allra handa sætindum. Hún heyrði konuna mæla fyrir munni sér: „Guð hefir gefið mér þetta tré. Eg hef eimhver ráð til þess að kaupa kerti á það.“

„Hér er ofurlítið á tréð þitt,“ sagði móðirin, og fékk konunni kerti, rauð og blá og græn, og ögn af sætindum. „Það verður nóg eftir samt á tréð okkar.“

Ekkert af hinum trjánum háu og fögru gladdi jafn-mikið og tréð þetta litla og væskilslega. Og ervitt er að segja, hvort hafi orðið glaðara móðirin eða drengurinn. Móðirin þakkaði guði með fagnaðar-tárum. Drengurinn hrópaði upp yfir sig af gleði, lagði saman hendurnar og sagði: „Góða barnið Jesú! Aldrei skal eg gleyma þér!“

Gleðin þeirra var heldur ekki eins skamm-góð og gleðin, sem hin trén veittu. Því litla tréð hafði verið dregið upp með rótum. Móðirin gróðursetti það í stórum, sprungnum jurta-potti. Og það stóð lengi í herberginu með fegurð sinni. En loksins tæmdist það, og þá var farið með það út í jurta-pottinum og látið fyrir aftan húsið. Um vorið sáust ljósgrænir broddar koma út á því. Og var það stórt fagnaðarefni, ekki síst fyrir drenginn. Um haustið gróðursetti hann það í jörðinni. Og það óx og varð hátt og fallett fljótar en nokkurn varði. Því drengnum þótti vænna um það, og hann hugsaði meira um það, en skógarvörðurinn um allan skóginn sinn.

Í þrjú ár var það nú búið að standa þarna fyrir aftan hús-

id, þegar prestskonan kom eitt kvöld og sagði: „Dú hefir svo fallett tré fyrir aftan húsið þitt. Eg get ekki fengið neitt handa börnunum mínum. Viltu ekki selja mér þetta?“

Móðirin leit til drengsins og sagði: „Tréð er þitt. Dú getur keypt þér skó fyrir peningana. Dú þarft þeirra við.“

Drengurinn lét tilleiðast, en sárt var það fyrir hann. Tréð var svo höggvið niður. Og jólanóttina ljómaði það með mörgu ljósunum á prestssetrinu. En fátæka drengnum var ekki gleymt. Honum var boðið og hann fékk að sjá, hvað fallett tréð var. Og hann kom heim með margar gjafir, sem honum höfðu verið gefnar. Börnunum sagði hann söguna af trénu, og á prestssetrinu var hann enn marga glaða jólanótt.

Sagan af litla jólatrénu er samt ekki úti enn. Fyrir utan bæinn stóð lítill kofi. Þar bjó gömul kona og var sjö ára gömul stúlka, dóttur-dóttir hennar, hjá henni. Veslings-stúlkan var veik, var með mörgum vondum sárum og tók oft mikið út. Jólanóttina var dimt mjög í litla herberginu hjá þeim. Barnið lá í rúminu og sagði grátandi: „Amma, fæ eg engin jól?“


„Ekki hér á jörðinni, góðin mín,“ svaraði amma hennar. „Á himnum eru einlægt jól, og bráðum kemur drottinn Jesús og tekur mig til sín og þig líka, ef þú bíður með stöllu og ert þolinmód.“ Barnið hélt áfram að gráta. Og amma þess hefði grátið líka, en hún gat nú ekki lengur grátið.

Barnið Jesús sá tár veiku stúlkunnar, og hann heyrði andvörp gömlu ömmunnar. Fátæki drengurinn gekk fram hjá kofanum. Og þegar hann sá falletta tréð á prestsetrinu með öllum ljósunum, datt honum í hug stúlkan, sem hafði verið að gráta, og hann sagði börnunum líka frá henni. Þá báðu þau þetta sinn og mömmu að lofa sér að höggva toppinn af trénu þeirra og fara með hann í kofann til veiku stúlkunnar. Þetta var þá líka gert. Og á stað fara börnin með toppinn af trénu. Þau læðast hægt inn í kofann, kveikja á kertunum í eldhúsinu og ýta svo með mestu varúð trénu inn í litla herbergið. Amma stúlkunnar hafði sofnað í stólnum sínum, en litla stúlkan grúfði ofan í koddann sinn. En þegar börnin hlupu út, marraði í hurðinni. Stúlkan léur upp og sér þá tréð.

„Amma!“ kallar hún. Amma hennar ætlaði naumast að trúa sínum eigin augum. Hún tók tréð og lét það hjá rúminu. Þarna stóð það í marga daga, og öll sorg gleymdist vegna trésins. Á hverju kveldi kveikti amma á einu kertinu. Og þegar seinasta kertið var útbrunnið, hrópaði barnið: „Amma! hvað tréð mitt er ljómandi. Barnið Jesús stendur hjá því!“

Amma gekk upp að rúminu, lagði saman hendurnar á litlu stúlkunni og sagði: „Englarnir hafa borið þig heim. Bráðum kem eg þangað líka.“

Fáum dögum seinna var barnið borið út. En tréð stóð þrjá mánuði enn í litla kofanum. Þá fanst amma dáin í rúminu — Kofa-ræfillinn og húsmunirnir fáu, sem þar voru, skýrðu þegjandi frá fátæktinni og vesöldinni, sem þar hafði átt heima. En hver, sem horfði á kyrðina og friðinn, sem hvíldi á andliti konunnar látnu, og gætti að jólatrénu hjá rúminu, hlaut að verða mintur á sönginn, sem englarnir sungu nóttina helgu: „*Dýrð sé guði í upphæðum, friður á jörðu og velþóknan yfir mönnum*“.



Guð biður ykkur að vinna fyrir sig, börn.*

Jesús sagði einu sinni: Hvað virðist yður? Einn maður átti tvo sonu. Hann gekk til annars og sagði: Sonur, far þú í dag og vinn verk í vingarði mínum. En hann kvaðst hvergi mundu fara; en eftir á iðraðist hann þess og fór til verksins. Þá gekk faðirinn til hins og sagði eins við hann. Hann játti því, en fór þó hvergi. Hvor af þessum tveimur gerði nú vilja föðursins? Þeir svöruðu: Sá fyrri. — Matt. 21, 28—31.

Kæru börn! Þetta er litil saga ein, sem Jesús sagði höfðingjum Gyðinga einu sinni. Jesús sagði oft sögur. Hvers vegna haldið þið að hann hafi gert það? Hann gerði það til þess að fá fólk til þess að taka betur eftir. Hann vildi láta hlusta á sig. Þið hlustið líka betur. Á og takið betur eftir, þegar ykkur eru sagðar sögur.

En sögurnar, sem Jesús sagði, voru dæmisögur. Þær voru nokkurskonar myndir, sem hann dró upp. Og með þessum myndum var hann að sýna það, sem hann kandi.

Með þessum dæmisögum sýndi nú Jesús höfðingjunum, sem hann var að tala við, að allir þeir eru vondir, sem ekki vilja

*) Úr ræðu, sem flutt var við barnaguðsþjónustu í Selkirk II. sd. e. trín.

vinna fyrir guð. Og af því þeir, höfðingjarnir, vilji ekki hlýða guði og vinna fyrir hann, þá sé þeir vondir.

Gáið þið nú að sögunni þessari, börn. Þið sjáið föður, sem á tvo syni. Hann fer til annars þeirra og biður hann að vinna fyrir sig. Þið munið, hverju hann svaraði. Nei, eg vil ekki vinna fyrir þig, sagði hann. Það var ljótt svar. Og hann var ljótur, sem svaraði svona ljótlega. Það finst ykkur. En svo sá hann eftir á, að hann hafði verið vondur og honum þótti fyrir því. Hann hefir hugsað með sér: Æ, hvað eg var vondur við hann föður minn! Eg vil biðja hann að fyrirgefa mér og segja við hann, að mig langi til þess að vinna fyrir hann. Og hann gerði þetta. Og faðir hans fyrirgef honum. Og svo fór hann að vinna fyrir hann föður sinn og þótti nú gaman að því.

Hvað finst ykkur nú um hann? — Nú finst ykkur, að hann hafi verið góður. En ykkur finst, að faðirinn hafi verið enn þá betri, sem fyrirgef honum og lofaði honum að fara að vinna fyrir sig.

En gáið þið nú að hinum syninum. Faðirinn fer til hans líka og biður hann að vinna fyrir sig. Hverju svaraði hann svo? — „Já, það skal eg gera“, segir hann. Var það ekki fallegt svar? Og var hann ekki góður sonur? — „Nei“, segir þið. — Því var hann ekki góður? Af því hann sveik hann föður sinn. Hann var fljótur að lofast til þess að vinna fyrir hann. En hann gleymdi óðar því, sem hann hafði lofað, og vann svo ekkert fyrir föður sinn. Bara fyrir sjálfan sig. Þessi sonur var þá verri en hinn, þótt hann gæfi föður sínum betra svar.

Nú hefir Jesús nokkuð að segja ykkur, börnin mín, með þessari sögu. Viljið þið ekki taka eftir því? Jú, það viljið þið. Takið hið þá eftir.

Þið eigið föður á himnum. Þið eignuðust hann, þegar þið voruð skírð. Þá gerði hann ykkur að börnunum sínum. Honum þykir vænt um ykkur, þessum föður ykkar, og er ant um ykkur. Hann vill, að þið vaxið sem góð börn. Þess vegna vill hann, að þið vinnið fyrir sig, segir Jesús. Og hann biður ykkur að vinna fyrir sig. Það segir Jesús líka. Og Jesús veit, að ef þið farið að vinna fyrir föður ykkar á himnum, þá þykir ykkur vænt um það. Jesú þóti ekki eins vænt um neitt eins og að

vinna fyrir föður sinn. Það var stóra ánægjan hans í lífinu, að hann vissi alt af, að hann var að vinna fyrir föður sinn. Þið þurfið líka að vita það, að þið eruð að vinna fyrir föður ykkar á himnum, mikla, góða föðurinn ykkar. Þá þykir ykkur vænt um það. Ykkur þykir þá ekki eins vænt um neitt eins og það, að vinna fyrir hann.

Hverju viljið þið nú svara, börnin mín? — „Við viljum vinna fyrir hann“, heyri eg ykkur segja. Já, við viljum öll vinna fyrir hann! En getum við það? Erum við ekki of lítil til þess? Eigum við ekki að bíða með það, þangað til við erum orðin stór?“

Nei, nei, þið megið ekki bíða, þangað til þið eruð orðin stór. Þið eigið að byrja strax. Og þið eruð ekki of lítil. Ekkert ykkar er of lítið til þess að vinna fyrir föður ykkar á himnum. Og svo vill Jesús kenna ykkur það og hjálpa ykkur til þess að vinna fyrir hann, og láta ykkur þykja vænt um það. Gáið að því elsku-börn, Jesús vill vera með ykkur og hjálpa ykkur. Þykir ykkur ekki vænt um það?

En nú veit eg, að þið spyrjið mig: „Hvað getum við gert fyrir guð?“ — Þið getið gert mikið fyrir guð.

Heima hjá ykkur getið þið unnið fyrir guð. Hvernig? — Þegar þið eruð hlýðin pabba ykkar og mömmu, þá vinnið þið fyrir guð. Þegar þið hafið verið vond og biðjið þau fyrirgefningar og kyssið þau og segið, að þið viljið vera góð, þá vinnið þið fyrir guð. Og þegar þið hjálpið þeim, sópið gólfid fyrir mömmu, þvoiid upp, sækið vaan, berið inn spýtur og gerið annað, sem þarf að gera og þið getið gert, þá vinnið þið fyrir guð. Og þið vinnið líka fyrir guð, þegar þið lærið alt gott, sem pabbi og mamma vilja kenna ykkur og láta ykkur læra. Og þegar þið lesið guðs orð og biðjið. Og þegar þið forðist alt ljótt, allar ljótar hugsanir og ljót orð og ljót verk, reiðist ekki hvert við annað og berjist ekki, en eruð góð hvert við annað og leikið ykkur fallega saman. En, góðu börnin mín, þá vinnið þið mest fyrir föðurinn á himnum, þegar þið trúið á Jesúm Krist, einkasoninn hans, sem hann gaf okkur, og þegar þið elskið hann og fylgið honum og lofið honum að gera ykkur að góðum börnum. Því þá langar ykkur til þess að vera eins og guð vill, vera ást-

kæru börnin hans, og gera það, sem hann vill, af því að þið elskið hann.

En þegar þið eruð óhlýðin og kærið ykkur ekkert um Jesúm og eruð vond við foreldrana ykkar og vond hvert við annað og leikið ykkur ljótlega, talið ljótt, reiðist og berjist, þá vinnið þið ekki fyrir guð. Þið vinnið þá fyrir sjálf ykkur og fyrir hinn vonda. Og þá hafið þið sagt við guð: Við viljum ekki vinna fyrir þig! — Þið megið ekki segja það, börn! Þið megið aldrei segja það! Það er eitur fyrir ykkur að segja það, börnin mín, eitur, sem þið deyið af nema þið þá gerið það, sem fyrri sonurinn í sögunni gerði, látið ykkur þykja fyrir því, og snúið ykkur til guðs.

En getið þið unnið fyrir guð annars staðar en heima hjá ykkur? Jú, þið getið unnið fyrir hann á *sunnudagsskólanum* og í *kirkjunni*. Guð vill, að þið farið á sunnuþlagsskóla og til kirkju til þess að heyra guðs orð. Og þegar þið gerið það og takið vel eftir og eruð með að biðja og syngja og viljið breyta eftir guðs orðinu, sem þið heyrið, þá vinnið þið fyrir guð. Og guð biður ykkur einmitt að vinna þetta fyrir sig.

Þá getið þið líka unnið fyrir guð á *daglega skólanum*. Þegar þið eruð hlýðin kennaranum ykkar, látið ekki illa, brúkið vel tímann ykkar og eruð iðin að læra, þá eruð þið að vinna fyrir guð. Líka þegar þið leikið ykkur fallega. Guð vill, að þið leikið ykkur; en hann vill að þið leikið ykkur fallega, hvar sem þið eruð.

Það var drengur einn að leika sér einu sinni með öðrum drengjum. Þeir reiddust og fóru að tala ljótt. Þá segir hann við þá: „Við megum ekki reiðast og tala ljótt, drengir. Við eigum að leika okkur fallega. Jesús er með okkur í leiknum, ef við leikum okkur fallega. Annars verður hann ekki með okkur. Og enginn okkar vill, að Jesús fari burt úr leiknum.“ „Nei, nei! hrópuðu allir drengirnir og fóru svo að leika sér aftur og léku sér nú fallega. Og Jesús var með þeim í leiknum.

Var ekki drengurinn sá arna að vinna fyrir guð?

Nú biður guð ykkur að vinna fyrir sig, börnin mín. Það hafið þið nú heyrt. Og þið hafið líka heyrt, hvað þið getið

gert fyrir hann og að þi ðeruð ekki of litil til þess og að þið megið ekki bíða með að vinna fyrir hann þangað til þið eruð orðin stór.

Hvernig viljið þið nú svara guði? Eg legg aftur þessa spurningu fyrir ykkur.

Ó, að guð heyrði ykkur öll svara sér: „Já, við viljum gjarnan vinna fyrir þig, gera alt, sem við getum, fyrir þig, elskulegi faðir á himnum. En þú verður að kenna okkur það og hjálpa okkur til þess.“

Gefið honum þetta svar, og gleymið ekki því, sem þið lofið honum, og farið að vinna í vingarði hans.

Engin vinna gerir manninn ánægðan og glaðan nema vinnan í vingarði drottins, börn.

Drottinn hjálpi ykkur og blessi.

Jólasálmur.

(Orktur af nemanda í sunnud.sk. St. Páls safnaðar í Minneota, Minn.)

Lag: Í fornöld á jörðu.

1. Þú, heilaga barnið, sem heilagleik þinn í hold mannlegt klæddir, að syndahjúp minn þú fengir burt numið og feldist mín eynd und faldi þíns réttlætis læknuð og gleymd.
2. Þú, himneska barnið, sem himininn átt og hafð og jörðina, stórt alt og smátt, en lést þér þó nægja, er fæddist á fold, í fénaðar jötu að hvíla þitt hold.
3. Þú, völduga barnið, í veglegri höll þér valið gast heimili' og þægindi öll, en kaust þér þó að eins—eg undrast svo það—eitt úthýsi hrörlegt sem fæðingarstað.
4. Eg undrast, því hjá mér það einatt við þér, af ofmetnað sýktur að vilji minn er.

Eg girnist oft það, sem er glys eitt og tál,
 en gæti þess síður, er þarfnast mín sál.

5. Eg undrast, en glöggfæ þó af þessu séð,
 að æskunni minni þitt högværðar geð
 vill með þessu kenna að meta það eitt
 sem mikils, er himneska upphefð fær veitt.
6. Þín örbirgðar fæðing, guðs eingetni son,
 mér elur í hjarta þá lifandi von,
 að forðast ei munir þú fátækan mig,
 ef fúslega læri' eg að tilbrýða þig.
7. Í jötu míns hjarta margt illkynjað er,
 sem er ei til sambúðar hæfilegt þér;
 en komir þú þangað, þó komir þú hljótt,
 þá hverfur og flýr þaðan alt, sem er ljótt.
8. Ó, kom þú því, Jesú! Já, kom þú til mín!
 Ó, kom! Þá mun afmælishátíðin þín
 með sérhverju ári mér betur fá bent
 á barnæskiu þína, og auðmýkt mér kent.

Hún vildi vera hjá Jesú.

Það er falleg saga ein um ofur litla stúlku. Hún var að horfa á myndir í mynda-biblíu hjá henni mömmu sinni Mamma hennar sýnir henni myndina af Jesú, þegar hann blessar börnin. Þarna situr hann á myndinni, með barna hóp í kring um sig, sem þyrpist að honum. Litla stúlkan horfir stundar korn á myndina. Alt í einu setur hún fingurinn á autt pláss við fæturna á Jesú, lítur upp á mömmu sína og segir með þessum einkennilega inndæla fögnuði barnanna: „Þega' e' fe' tí' himins, manna, þá atl' e' a' danda jett dadna.“

Það er gott að vera hjá Jesú. Og á okkur ekki að eins að langa til að vera hjá honum á himnum eftir þetta líf, heklun líka á jörðunni alla æfi okkar. Það er autt pláss hjá honum fyrir okkur öll, autt pláss, sem hann ætlar okkur. Við megum ekki láta það verða autt, heldur fara í plássid okkar og vera í því.

Börninn mfn, þó ekkert pláss væri autt handa Jesú í gisti-
húsinu, þegar hann fæddist á jólunum, þá hefir hann þó æfin-
lega autt pláss handa okkur, besta plássið, sem hægt er fyrir
okkur að fá, ef við viljum koma til hans.

Bænin hans Valda.

Eitt kvöld segir Valdi litli við mömmu sína, þegar hann er
að háttu: „Mamma, eg bað guð að láta okkur krakkana ekki
rífast. En hann hefir ekki gert það enn þá, því við Dísu rí-
fumst eins og hundar í dag.“

„Hjálpaðir þú guði til þess að gera það, Valdi minn?“
segir mamma hans.

„Hvað segirðu, mamma? Hjálpaði eg guði? Getur hann
ekki gert alla hluti? Þarf eg að hjálpa honum?“

„Hann gerir þig ekki góðan, drengurinn minn, ef þú
sjálfur vilt ekki vera góður. Þegar sá vondi vill koma þér til
þess að rífast, þá áttu undir eins að snúa þér til guðs og biðja
hann að gefa þér kraft til þess að standast freistinguna, og
svo áttu sjálfur að berjast efns og góður hermaður á móti illa
skapinu þínu. Þá gefur guð þér sigur. En hann gerir aldrei
það fyrir þig, sem þú sjálfur átt að gera.“

„Ó! er það sona? Þetta hefi eg ekki hugsað um áður,“
segir Valdi.

„Já, elskan mín,“ segir mamma hans, „þegar þú biður guð
um annað eins, þá átt þú æfinlega að hjálpa honum til þess að
bænheyra þig. Þú átt að vaka og biðja og berjast á móti
freistingunum.“

Til gamans.

Einu færra.

Á sunnudagsskóla nokkurn kom einu sinni piltur, sem var
óheyrilega fáfróður um alla hluti í biblíunni sinni. Svör hans
voru svo fjarri öllu viti, að ómögulegt var annað en að brosa
að þeim, þó kennarinn hans fyndi til þess, hvað raunalegt
væri að hugsa til þess, að hann skyldi ekki hafa fengið meiri
kristilega uppfræðslu. Einn sunnudag er hann spurður að
því, hvað mörg boðorðin sé.

„Tú“—svarar drengur og er fljótur. Kennarinn átti ekki að venjast slíkum svörum og nú lýrnar yfir honum. Hann heldur, að farið sé að birta ögn til hjá aumingja stráknum. Drengur tekur eftir því, að kennarinn hefir orðið hrifinn af því, hvað óvenjulega vel hann svaraði, svo þegar hann er spurður næst: „Getur þú þá sagt mér, Sammi minn, hverjar afleiðingarnar verða, ef þú brýtur eitt af þeim?“ Þá svarar hann að vörmu spori: „Það verða níu eftir!“ Og var nú hreykinn yfir því, hvað óvenjulega vel sér hefði gengið að svara kennaranum þennan sunnudag.

Kona nokkur, sem er aðkomandi hjá vinkonu sinni einni, spyr son hennar: „Þykir þér gaman, Nonni minn, að fara á skóla?“

„Já“—segir drengur mjög einlægnislega. „Og mér þykir líka gaman að fara heim aftur frá skólanum, en eg kær mig ekkert um að vera þar tímann hinn.“

Hélt honum í skefjum.

Robbi: „Heyrðu, mamma, hvað ætlar þú að gefa mér í jólagjöf?“

Mamma hans: „Æ, eitthvað, sem getur haldið þér í skefjum, Robbi minn.“

Robbi: „Þér er þá ekki til neins að gefa mér neitt annað, mamma, en bumbu.“

Faðirinn (um leið og hann lítur mjög alvarlega á son sinn): „Hvaða drengur er latastur í bekknum þínum Tumi?“

„Tumi: „Eg veit það ekki, pabbi minn.“

Faðirinn: „Þú ættir þó að vita það. Þegar allir aðrir í bekknum eru að keppast við að lesa lexíurnar sínar, hver er það þá, sem situr aðgerðalaus í sætinu sínu og horfir á hina, í staðinn fyrir að vinna sjálfur?“

Tumi: „Það er kennarinn.“

Afsökun Bjössa.

Móðirin: „Kennarinn þinn segir mér, að þú sért langt fyrir aftan hin börnin í skólanum, sonur minn.“

Bjössi: „Manstu þá ekki, mamma, að þú hefir æfinlega verið að segja við mig, að eg eigi ekki að trana mér fram?“

Til sunnudagsskólakennara.

Eins og þegar hefir auglýst verið, kemur ekki blaðið „Kennarinn“ framur sem lexíu-blað fyrir sunnudagsskólana. Verða þá forstöðumenn skólanna að velja sjálfir lexíur, enda munu þeir hafa gert það all-víða hingað til, þrátt fyrir lexíu-val „Kennarans“. En þeim til stuðnings, sem kynnu að æskja leiðbeininga í þessa átt, leyfi eg mér að benda á þetta: 1. „Ljósgeislar“ brúkið áfram bæði fyrir nýja smá-barna bekkji og eins upp aftur fyrir að minsta kosti lægstu bekkji barna þeirra, sem haft hafa þá þetta síðasta ár. Kennurum gefst þá enn þá betra tækifæri til þess að kenna meira af sögunum sjálfum, sem spjöldin eru að eins lítið brot úr, og eins láta börnin hafa meiri not af biblíusögu-spurningum þeim, sem eru á hverju spjalði. Tala við börnin um þær, . Þau læra þær þá mun betur. Kennari, sem skilur köllun sína og er með alúð við verkið sitt, getur að minsta kosti í tvö ár notað spjöldin fyrir sömu börnin. — Skal þess getið, að ekki er ólíklegt að nýir „Ljósgeislar“ komi út að ári og verði þá með litmyndum.

2. Næstu bekkjum fyrir ofan „Ljósgeisla“-bekkina má kenna úrval úr biblíusögum þeim, sem fermyngarborin eru látin læra. Vona eg, að biblíusögur með myndum, fyrir börn á þessu reki, komi út áður en langt um líður.

3. Fermd börn mætti svo láta lesa í nýja testamentinu, byrja á einhverju guðspjallinu og lesa það alt. Geta kennarar þeirra barna hæglega útvegað sér bók með útskýringum sér til stuðnings. Hver prestur í kirkjufélaginu, sem leitað væri til, myndi hjálpa til með það. — Um lexíur úr gamla testamentinu er naumast að tala að svo stöddu. Þær geta ekki orðið kendar svo í neinu lagi sé, á meðan ekki er hægt að fá neina biblíu.

Óski einhver frekari upplýsinga eða leiðbeininga, er honum velkomið að skrifa mér, og skal eg svara eftir því sem eg best get og hefi vit á.

„Ljósgeislar“ fást eins og að undanfögnu hjá hr. H. S. Bardal í Winnipeg, 10c. eintakið, þegar fleiri eru keypt í einu, eella 15c.

N. Steingrímur Þorláksson,
Selkirk, Man.